

81

11. júní

## L Ö G

## um heimild til að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með auglýsingu að lækka aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum: Trefjabómull (fiberbómull), ný epli, nýjar perur, nýjar vínþrúgur, tómaturé, makkaroni og qvebrachoextrakt.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konungleg hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

82

11. júní

## L Ö G

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## I. Innborganir:

|                                            |       | Áætlun        | Reikningur    |
|--------------------------------------------|-------|---------------|---------------|
|                                            |       | kr.           | kr.           |
| 1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga           | ..... | 12 065 000.00 | 12 379 918.57 |
| 2. — — 3. — A. —                           | ..... | 2 622 860.00  | 3 095 930.11  |
| 3. — — 3. — B. —                           | ..... | 24 650.00     | 27 833.76     |
| 4. — — 4. — —                              | ..... | 515 475.00    | 556 747.88    |
| 5. — — 5. — —                              | ..... | 50 000.00     | 82 272.04     |
| 6. Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga | ..... | 504 051.00    | 2 441 939.37  |
| 7. Greiðslujöfnuður (sjóðlækkun)           | ..... | 160 197.00    | 185 465.06    |
| Samtals                                    |       | 15 942 233.00 | 18 770 106.79 |